



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

Dags.	29. júní 2017
Fundartími:	kl. 19:00
Fundarstaður:	Austurhóp 4, Grindavík
Fundarstjóri:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fundarritari:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fjöldi mætttra:	5: Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Hermannsdóttir, Helga Karlsdóttir, Íris Ebba Ajayi og Anna María Mostrup skoðunarmaður reikninga.

1. Framhaldsaðalfundurinn

Ársskýrslan rædd og hvernig verður farið yfir hana á komandi framhaldsaðalfundi. Bókarinn mun mæta á fundinn og getur því svarað spurningum.

Kjósa þarf aftur í stöðu ritar þar sem kosningin var ekki lögleg en frambjóðandi hlaut ekki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða á fundinum. Stjórn mun biðjast afsökunar vegna atkvæðaseðlanna en þeir voru ekki rétt fram settir.

Stjórn hjálpast að við að semja dagskrá fyrir fundinn.

2. Ábending frá félagsmanni

Stjórn barst ábending sem var rædd og var skrifaður svarpóstur á fundinum.

3. Félagsskírteini og Kynjakattafréttabréfið

Jóna Dögg býður sig fram við að klára að skrifa á félagsskírteinin og koma þeim ásamt fréttabréfinu í póst.

Fundi slitið kl. 23:15